Heiti verkefnis eða námsgreinar:	Stærðfræði		
Árgangur:	2014 - 2. bekkur	Námsgreinar:	Stærðfræði
Tímabil:	23.ágúst - 10.desember	Kennarar:	Auður Björk, Eydís Sól og Fanney Dögg

Lykilhæfni:
Að nemandi sýni skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu.
Að nemandi beiti þekkingu og leikni, dragi ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun.
Að nemandi vinni sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Að nemandi nýti margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnin hátt.
Að nemandi beri ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Í skólastarfi er miðast við að gera nemendur virka og sjálfstæða í námi. Nemendur eru hvattir til að nýta hæfileika sína við upplýsingaöflun og þeim gefin endurgjöf á vinnu sína. Áhersla er lögð á að nemendur læri í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir til að nemendur geti nýtt sér fjölbreyttar leiðir í átt að settu marki.
Með innleiðingu áformsbókar ýtum við undir ábyrgð nemenda á eigin námi, námsárangri og styrkjum um leið enn frekar gott og uppbyggilegt samstarfi milli heimili og skóla. Í áformsbók eru hæfniviðmið sýnileg svo nemendur og foreldrar/forráðamenn geti fylgst með hvar nemandi er staddur.

Hæfniviðmið námsgreina:
- Að nemandi geti leyst einfaldar stærðfræðiþrautir
- Að nemandi geti tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- Að nemandi geti gert sér grein fyrir verðgildi peninga
- Að nemandi geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- Að nemandi getur lesið tölur upp í 100
- Að nemandi getur leyst frádráttardæmi með tölur upp í 100
- Að nemandi geri sér grein fyrir hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi
- Að nemandi skilur tugakerfið
- Að nemandi þekkir sléttar tölur og oddatölur
- Að nemandi getur leyst samlagningardæmi með tölum upp í 100
- Að nemandi getur tengt stærðfræði við daglegt líf. T.d peningar
-Að nemandi getur búið til reglur í talnamynstrum og tjáð sig um það
-Að nemandi getur spáð fyrir um framhald mynsturs
- Að nemandi þekkir algengustu tvívíðu formin
- Að nemandi getur lesið úr einföldum tímasetningum
-Að nemandi getur staðsett hluti; nálægt, fyrir ofan, hliðina og fl.
-Að nemandi þekkir mælikvarða (cm, m) og lögun hluta

-Að nemandi kunni vikuheitin og röð dagana **-Að nemandi þekkir algengustu þrívíðu formin og einkenni þeirra**	
Lýsing verkefnisins og kennsluaðferðir: **Kennslustundir í stærðfræði eru byggðar upp á innlögn frá kennara, nemendur vinna verkefni í Sprota 2a æfingahefti og nemendabók bæði í hópum og í einstaklingsvinnu. Nemendur fá einnig tækifæri til að ná settum markmiðum í stærðfræði í gegnum kennsluaðferðina "Leikur að læra", í gegnum stærðfræðileiki, stærðfræðiþrautir, útikennslu, stærðfræðiforrit og Seesaw.**	
Námsgögn: **Sproti 2a æfingahefti** **2a nemandabók** **Áformsbók**	**Námsmat/skil á verkefni:** **Símat** **Virkni í kennslustundum**